

Nefndasvið Alþingis,
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2015.

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um stöðugleikaskatt, 786. mál og um fjármálafyrirtæki (nauðasamningar), 787. mál. Lögð fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015.

Slitastjórn Byrs sparisjóðs fékk frumvörpin til umsagnar í tölvupóstum um hádegisbil mánudaginn þann 15. júní s.l. og var frestur veittur til 18. júní n.k. Slitastjórn telur þennan frest allt of stuttan þar sem um stórt og flókið mál er að ræða þar sem miklir fjárhagslegir hagsmunir eru undir fyrir slitabúið. Að auki má nefna að hvorki hefur gefist tími til að kynna frumvörpin fyrir stærstu kröfuhöfum búsins né kanna afstöðu þeirra. Slitastjórnin mun því ekki að svo stöddu skila skriflegum athugasemdum við einstakar greinar frumvarpanna. Þess ber sérstaklega að geta að aldrei hefur verið rætt við slitastjórn Byrs sparisjóðs í undirbúningi málsins. Eins og fram kemur í greinargerð með athugasemdum frumvarpsins þá hefur verið rætt og fundað með slitastjórnnum og kröfuhöfum stærstu föllnu fjármálafyrirtækjanna og ber frumvarpið þess sterklega merki að vera sniðið að þörfum þeirra. Ber að gera athugasemd við þessa málsmeðferð.

Ástæðan fyrir frumvörpunum er sögð að finna leið út úr hinni kerfislegu áhættu sem fylgir uppgjöri stærstu föllnu bankanna og er það sögð aðalröksemdin fyrir því að frumvörpunum eru talin standast ákvæði stjórnarskrár og alþjóðlegra samninga. Sú röksemdafærsla er hins vegar ekki rakín ítarlega í athugasemdum með frumvörpunum og getur þar að auki ekki talist eiga við um slitabú Byrs sparisjóðs. Af heildareignum föllnu bankanna í lok árs 2014, sem eru 2.290 milljarðar ISK á slitabú Byrs sparisjóðs 7 milljarða og eru eignirnar nær eingöngu í íslenskum krónum. Sú eign sætir þar að auki óvissu vegna búskröfu sem er til meðferðar hjá héraðsdómi Reykjavíkur. Verður skattheimta stöðugleikaskatts því vart rökstudd með kerfislegri áhættu í tilviki Byrs sparisjóðs. Slitastjórn áskilur sér allan rétt að láta reyna á gildi lagasetningarinnar og skattheimtuna verði frumvörpin óbreytt að lögum.


Hvað varðar skilyrði fyrir samkomulagi varðandi leyfi til nauðasamnings gegn beinu stöðugleikaframlagi þá er með öllu óljóst hvernig slíkur samningur gæti lítið út í tilviki slitabús Byrs sparisjóðs. Einu upplýsingarnar sem slitastjórn hefur um skilyrði fyrir vottorði Seðlabankans á frumvarpi til nauðasamnings eru þær sem koma fram í kynningu á vegum


fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem haldin var þann 8. júní 2015: <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2015/kynning-a-losun-hafta.pdf>. Skilyrðin eru óljós og fæst ekki séð hvernig þau eiga við um slitabú Byrs sparisjóðs nema að litlu leyti. Skilyrðin eru þar að auki ekki sett fram í frumvarpsdrögum og því hvorki mögulegt fyrir slitastjórn Byrs sparisjóðs að tjá sig um í hverju þau felast né hvort þau standist stjórnarskrá.


Með vísan til ofangreinds mótmælir slitastjórn Byrs sparisjóðs að frumvarpið verði óbreytt að lögum og áskilur sér allan rétt til að senda inn ítarlegar athugasemdir síðar.

Virðingarfyllst,

Slitastjórn Byrs sparisjóðs,


Eva B. Helgadóttir, hrl.


Ágúst Kristinsson, löggiltur endurskoðandi


Árni Ármann Árnason, hrl.